

23. október 1981.

1019

Nr. 624.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 655 23. desember 1980, um gatnagerðargjöld í Hafnarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum og miðast við vexti Byggðasjóðs eins og þeir eru á hverjum tíma af skuldabréfum til sveitarfélagsins vegna lagningar bundins slitlags. Lán samkvæmt þessari grein skulu verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. október 1981.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

22. október 1981.

Nr. 625.

REGLUR

um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

Öll samskipti Pósts og síma og radióáhugamanna gerast fyrir milligöngu Félags íslenskra radióamatöra, skammstafað IRA.

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radióstöð áhugamanna skal IRA senda Pósti og síma á þar til gerðu eyðublaði. Einnig skulu fylgja vottorð um próf, skv. 4. gr. hér á eftir.

2. gr.

Umsækjandi um radióleyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.,
2. vera fullra 14 ára til að öðlast nýliðaleyfi, en 16 ára til að öðlast A-leyfi eða T-leyfi,
3. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., hér á eftir.

3. gr.

Radióleyfi áhugamanna skiptast þannig:

Nýliðaleyfi: Leyfi til að húa til og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra radióáhugamenn.

Hámarksspenna í radióbúnaði má vera allt að 32 volt. Þó er leyfilegt, að búnaður tengist 220 volta veitukerfi, enda sé niðurfærsla úr 220 í 32 volt gerð í samræmi við reglur Rafmagnseftirlits ríkisins.

Sendar skulu vera krystalstýrðir.

Leyfistíminn er allt að tvö ár þegar umsækjandi hefur náð 16 ára aldri. Nýliðaleyfi fást ekki endurnýjuð að þeim tíma loknum. Nýliðapróf er ekki nauðsynlegur undirbúningur A-leyfis eða T-leyfis.

IRA skal hafa eftirlit með starfsemi nýliðanna og bera ábyrgð á radióáhugamannastarfsemi þeirra gagnvart Pósti og síma.

A-, B- og C-leyfi: Leyfi til að smíða og setja upp til eigin afnota radióviðtæki, senditæki og loftnet til viðskipta við aðra áhugamenn, sbr. 5. grein.

Til að öðlast A-leyfi skal umsækjandi ljúka A-prófi. Hafi áhugamaður haft nýliðaleyfi, skal umsögn IRA fylgja leyfisumsókn.

Til að öðlast B-leyfi skal umsækjandi hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt A-leyfi í a. m. k. hálfri ári vegna samskipta við aðra radióáhugamenn innanlands og utan, sem séu staðfest með viðhlitandi gögnum (radió-dagbók) ásamt umsögn IRA.

Til að öðlast C-leyfi skal umsækjandi ljúka C-prófi og hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt B-leyfi í a. m. k. eitt ár, sem sé staðfest með viðhlitandi gögnum (radió-dagbók) ásamt umsögn IRA.

T-leyfi: Tæknileyfi til að smíða og starfrækja talstöð á amatörtíðni fyrir ofan 144 MHz til að hafa samband við aðra áhugamenn.

Þess er ekki krafist, að áhugamaður með tæknileyfi hafi kunnáttu í notkun Morse-merkja.

Útgeislun og leyfilegt hámarksafli er samkvæmt 5. grein.

Póstur og sími getur, eftir atvikum, veitt undanbágu frá framangreindum ákvæðum þegar menntun og starfsþjálfun er fyrir hendi, enda liggja fyrir umsögn IRA hverju sinni.

4. gr.

Póstur og sími heldur próf fyrir radióáhugamenn eftir atvikum tvisvar á ári, vor og haust, enda hafi óskir borist þar að lútandi frá IRA hverju sinni, og skulu slíkar óskir berast a. m. k. einum mánuði áður en próf er ákveðið. IRA getur farið fram á að verða falin umsjón nýliðaprófa.

Prófkröfur eru þessar:

Nýliðapróf:

- Helstu atriði í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radióviðskipti.
- Viðtaka og sending Morse-merkja (35 bókstafir á mín.), nokkrar helstu Q-skammstafanir og lágmarksþekking í radiófræði.

A-próf:

- Helstu atriði laga um fjarskipti og tilheyrandi reglur varðandi radióviðskipti. Greinar alþjóðaradióreglugerðarinnar, er snerta stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti og gildandi reglur um raforkuvirki.
- Viðtaka og sending Morse-merkja (65 stafir á mín.), leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana.
- Undirstöðuatriði raffræði og radiótækni skv. eftirfarandi skilgreiningu:
 - Ohms lögmál og notkun þess.
 - Spenna, straumur, afl og ýmsar aðferðir til að mæla þessar stærðir.
 - Sjálfsþens, rýmd, tíðni og tíðnimæling.
 - Rásir með sjálfsþens og rýmd. Q-stuðull, L/C hlutfall.

5. Siur án mögnunar.
6. Transistorar og lampar.
7. Aflgjafar, afriðill og áriðill.
8. Viðtæki, hein blöndun og millitíðniblöndun.
9. Sveifluvaki og margföldun.
10. Útgangsstig sendis og stilling þess.
11. Lykling sendis.
12. Mótun: styrk-, tíðni- og fasamótun.
13. Tíðnisviðið og notkun þess.
14. Radióbylgjur og útbreiðsla þeirra.
15. Loftnet og uppsetning þeirra.
16. Fæðilína, standbylgja og tap á línunum.
17. Aðferðir til að koma í veg fyrir truflanir frá amatörsendum.
18. Reglur um raforkuvirki.
19. Hættur af völdum háspennu og varnir gegn henni.
20. Lífgun úr dauðadái af völdum raflosts.

Ennfremur er krafist leikni í stillingu senditækja, tíðnimælingu o. þ. l. Krafist verður verklegrar leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þ. l.

C-próf:

- a. Viðtaka og sending Morse-merkja (80 stafir á mín.).
- b. Fræðilegt próf samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu:
 1. Flokkun magnara.
 2. Línulegir og ólínulegir magnarar.
 3. Ýmsar mótunaraðferðir.
 4. Útbreiðsla radióbylgna, sviðsstyrkur og truflanir.
 5. Loftnet, mögnun og handbreidd.

T-próf:

Kröfur eru þær sömu og fyrir A-próf, að Morse undanskildu.

Leyfishafi með T-leyfi getur öðlast A-leyfi með því að ljúka Morse-prófi.

Hafi umsækjandi áður tekið fullnægjandi próf í einhverjum framangreindum þáttum, þarf hann ekki að ganga undir próf í öðrum greinum en á vantar til þess að fullnægja settum reglum í hverju tilviki.

5. gr.

1. Sendirinn skal vera í samræmi við alþjóðareglur um tíðnistöðugleika og útgeislun.
2. Öflun radióefnis, svo og uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radióstöðvar og raforkuvirki. Áður en vélar og tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið skulu þau skoðuð af effirlitsmönnum frá Pósti og síma og frá Rafmagnseftirliti ríkisins.
3. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendis.
4. Stöðinni er úthlutað kallmerki með upphafsþókstöfunum TF, tölustaf, sem gefur til kynna í hvaða landshluta stöðin er staðsett og síðan einn til þrjú bókstafir, sem eru einstaklingsbundnir. Nýliðum er ávallt úthlutað þremur bókstöfum á eftir tölustafnum og skal síðasti bókstafurinn vera N, sem fellur niður eða breytist í annan staf, þegar leyfishafi öðlast A-leyfi. Hægt er að úthluta félögum eða hópum sérstöku kallmerki til reksturs sameiginlegrar stöðvar enda þótt þeir,

sem standa að slíkri stöð hafi eigið kallmerki. Í lok slíks kallmerkis skulu alltaf vera tveir til þrjú bókstafir.

Kallmerki skal nota reglulega, þegar sent er og við langar sendingar skal nota það með stuttu millibili til auðkenningar.

5. Sending má aðeins fara fram á þeirri tíðni sem ákveðin er í leyfisbréfinu.

Tíðni stöðvanna, útgeislun og afl eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Nýliðal.	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi	Tæknileyfi
1830—1850 kHz		A1, F1	A1, A3	A1, A3	+
			A3A, A3H, A3J, F1F3	A3A, A3H, A3J, F1F3	
3500—3600 kHz	A1	A1, F1	A1, F1	A1, F1	
3600—3800 —			A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
7000—7040 kHz	A1	A1, F1	A1, F1	A1, F1	
7040—7100 —			A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
14000—14100 kHz		A1, F1	A1, F1	A1, F1	
14100—14350 —			A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
21000—21150 kHz	A1	A1, F1	A1, F1	A1, F1	
21150—21450 —			A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
28000—28200 kHz		A1, F1	A1, F1	A1, F1	
28200—29700 —			A1, A3, A3A, A3H, A3J, F1	A1, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5	
144— 146 MHz 430— 440 — 1215—1300 — 2300—2450 —			A1, A2, A3, A3A, A3H, A3J, A5, F1, F3, F5		A3, A3A, A3H, A3J, A5, F3, F5
Leyft hámarks rakstraumsafl til síðasta mögnunarstigs	5 wött	50 wött	200 wött	500 wött	50 wött

+ Útsendingar í þessu tíðnisviði skulu fyrst um sinn vera í formi tilraunasendinga og má rakstraumsafl inn á útgangsstig ekki fara fram úr 50 W.

Skilgreining á útgeislunartegundum:

- A1 Ómótuð burðarbylgja (Morse).
- A2 Tónmótuð burðarbylgja (Morse).
- A3 Talmótuð burðarbylgja (DSB).
- A3A Einhliðarbands mótuð (SSB) burðarbylgja minnkuð um 16 dB.
- A3H Einhliðarbands mótuð (SSB) burðarbylgja óminnkuð.
- A3J Einhliðarbands mótuð (SSB) burðarbylgja minnkuð um 40 dB.
- A5 Sjónvarp (í tíðnisviðum undir 430 MHz má bandbreiddin ekki vera meiri en 6 kHz).
- F1 Símrítun með tíðniskiptilyklingu án notkunar á mótuartíðni, tvenns konar tíðni er útgeislað til skiptis.
- F3 Tíðnimótuð burðarbylgja með tali (hæsta gildi tíðnisveiflu ± 4 kHz undir 144.0 MHz og ± 30 kHz fyrir ofan).
- F5 Sjónvarp tíðnimótað (í tíðnisviðum undir 430 MHz má bandbreiddin ekki vera meiri en 6 kHz).

6. gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, þýðingarlitil persónuleg mál o. þ. l., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum og tilkynningar um slys eða hættuástand skv. lið 3 í 5. gr.
2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verslunartilkynningum eða á nokkurn þann hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku má hvorki miðla því, né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Sending skemmti- og fræðsluefnis, efnis til auglýsinga, áróðurs eða þ. u. l. er bönnuð, hvort heldur það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttekið frá öðrum stöðvum.
4. Leyfishafa er heimilt að bera boð um alvarleg slysatilfelli eða hættuástand, ef augljóst er, að þau komist þannig fyrir til viðtakenda heldur en ef þau færu eftir venjulegum fjarskiptaleiðum, s. s. um hið almenna símakerfi, radióstöðvar Pósts og síma og stöðvar þeim tengdar (bifreiðar, skip) eða ríkisútvarp/sjónvarp.
5. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabbneyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans. Einnig að boð skv. 3. lið í 5. gr. séu ekki send sem fréttæfni.
6. Það er hannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem amatörviðskipti eða amatörstöðvar eru ekki leyfðar.
7. Stöðin má ekki trufla önnur radióviðskipti eða starfsemi opinberra stofnana. Kostnaður við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendinum eða stöðinni sem trufluð er.

7. gr.

Dagbók skal haldin fyrir stöðina, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á Morsen og tali og yfirleitt allt, sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem Póstur og sími kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

8. gr.

Ef radióáhugamaður fær einhvern grun um, að stöð, sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna Pósti og síma og félagssamtökum sínum það tafarlaust og eftir því sem hægt er að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna Pósti og síma árangur af athugun sinni. Einskis endurgjalds getur radióáhugamaður krafist fyrir vinnu sína af þessu tilefni nema sérstaklega sé um það samið.

9. gr.

Við útgáfu leyfis greiðist leyfisbréfgjald.

Leyfið veitir heimild til notkunar sendistöðvarinnar á föstum aðsetursstað leyfishafa. Leyfishafi skal tilkynna Pósti og síma aðsetursskipti þegar í stað.

A-, B-, C- og T-leyfishöfum er heimil notkun sendistöðvar á tímabundnum aðsetursstað, en Pósti og síma skal tilkynnt um aðsetursbreytingu áður en hún fer fram. Nýliðar, sem óska eftir slíkum tímabundnum flutningi skulu sækja um undanþágu með a. m. k. þriggja vikna fyrirvara.

Við notkun sendistöðvarinnar á tímabundnum aðsetursstað, skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og númeri þess svæðis, sem aðsetursstaðurinn er á.

A-, B-, C- og T-leyfishafar hafa heimild til notkunar far- og burðarstöðva innan íslenskrar lögsögu. Við notkun farstöðvar skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt skástriki og bókstafnum M en við notkun burðarstöðvar skástriki og bókstafnum P.

Póstur og sími getur veitt leyfi til IRA eða hóps amatöra til reksturs sameiginlegrar stöðvar. Umsóknir þar að lútandi skulu berast Pósti og síma ásamt umsögn IRA. Einn leyfishafi skal vera ábyrgur fyrir starfsemi stöðvarinnar og skal gefa út leyfisbréf fyrir stöðinni í samræmi við leyfisbréf hans. Slíkt leyfi er að jafnaði ekki veitt öðrum en C-leyfishöfum. Handhafa amatörleyfis er heimilað að starfrækja slíka stöð, innan þeirra takmarka, er leyfi hans setur.

Óski leyfishafi eftir að nota sendistöð um borð í íslenskum farkosti utan íslenskrar lögsögu, skal hann senda Pósti og síma umsókn þar að lútandi.

Leyfishafi skal ávallt gæta þess, að notkun stöðvarinnar sé í fullu samræmi við leyfisbréf hans.

10. gr.

Eftirlitsmenn Pósts og síma geta, hvenær sem er, skoðað stöðina og radióefni það, sem leyfishafi hefur undir höndum. Komi í ljós við slíka skyndiskoðun einhverjir gallar á útbúnaði eða notkun stöðvarinnar, fellur leyfið fyrirvaralaust úr gildi og skal leyfishafi sæta ábyrgð skv. lögum.

11. gr.

Þegar Póstur og sími telur það nauðsynlegt, má loka stöðinni eða takmarka notkun hennar, og einnig má afturkalla leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

12. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

- a. um brot á reglunum er að ræða,
- b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenskur ríkisborgari, sjá þó 13. gr.
- c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma, sjá einnig 10. gr.

13. gr.

Póstur og sími getur, um skemmri eða lengri tíma, veitt undanþágu frá framan- greindum ákvæðum til erlendra ríkisborgara, enda sé tryggt, að fyrir liggi fullnægj- andi réttindi íslenskra ríkisborgara í viðkomandi landi að þessu leyti.

I. Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn skal vera skrifleg og send til Pósts og síma eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa. Afgreiðslutími slíkra umsókna er allt að tveir mánuðir og skal á þeim tíma m. a. leitað álits IRA.
 - b) Umsækjandi skal hafa gildandi amatörleyfi frá heimalandi sínu samsvar- andi A-, B-, C- eða T-leyfi og skal það, eða greinilegt afrit þess, fylgja um- sókninni ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann, er hann hyggst nota hérlandis.
 - c) Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera viðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfishréfi og ákvæðum þarrendra reglna.
 - d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heima- landi sínu að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastríki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
 - e) Að öðru leyti en tekið er fram hér, er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.
- II. Erlendur ríkisborgari, getur sótt um að gangast undir íslenskt radióáhugamanna- próf enda hafi hann haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár. Viðkomandi hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfið gildir aðeins á Íslandi.

14. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Á ófriðartímum er leyfishafi skyldur til, ef þess er krafist, að afhenda stjórnvöldum umráð yfir radióbúnaði sínum eða láta innsigla hann.

15. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptataeki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

16. gr.

Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt l. nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskipta- mála, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, nr. 193 6. maí 1977 og reglur nr. 477 8. nóvember 1979, um breytingu á þeim.

Samgönguráðuneytið, 22. október 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.